

Fjallskilaseðill Austur-Síðu afréttar og Fljótshverfis



2023

Fjallskilaseðill 2023

Fjallskilanevnd Austur-Síðu afréttar og Fljótshverfis ákveður fjallskil haustið 2023 sem hér segir:

Ábúendur og eigendur jarða vestan Hverfisfljóts, senda menn í afréttarsöfn samkvæmt meðfylgjandi skrá. Gangnaforingi í söfnum verður Sigurður Kristinsson, Hörgslandi 2.

- 1. Í fyrsta safn verður farið þriðjudaginn 5. september** nk. Gangnamenn á Mið- og Austur-afrétti skulu hittast efst á Bugahálsi í fyrsta safni. Rekið skal til réttar í Hörgsdal og þar skulu gerð skil til lögréttar á Fossi. Réttaraðstaða í Hörgsdal er metin sem eitt lögbýlisgjald og aðstaðan í Stóra-Hvammi metin sem eitt lögbýlisgjald fyrir Stuðlafoss. Að lokinni smölun afréttar- og heiðarlands norðan girðingar skal reka allt fé, austan Hörgsár, til réttar að Fossi og verður réttað þar **föstudaginn 8. september n.k. kl: 09.00**. Réttarstjóri verður Rúnar Þorri Guðnason Keldunúpi.
2. Ábúendur Mörtungu 1 og 2 skulu smala heiðarlönd sín norðan heiðargirðingar í fyrsta safni samhliða heimrekstri. Haga skal þeim smalamenskum á þann hátt að fjárrekstur þeirra sameinist afréttarsafni þegar komið er framfyrir Stórhól. Komi að minnsta kosti 2 Safnmenn fram ofanverðan Kaldbak þeim til aðstoðar ef veður leyfir. Aðkoma ábúenda Mörtungu 1 og 2 að 2. Safni verði eftir samkomulagi. . Prestbakkakot smalar með þeim 2. Safn. Reiknast það sem 1 lögbýlisgjald
- 3. Í annað safn verður farið 22. september** ef aðstæður leyfa. Ákveðið var að sleppa þriðja safni og fjölga frekar mannskap í fyrri söfnum eins og undanfarin ár. Þau pláss sem ekki skipast í fyrri söfnum verða nýtt til eftirleita eftir þörfum í samráði við gangnaforingja og eru menn beðnir að vera viðbúnir því með stuttum fyrirvara .
4. Daggjald á öllum afréttum sveitarfélagsins haustið 2023 verður kr. 18.888 og er fæðisgjald þar innifalið. Allir reikningar vegna fjallskila sem framvísað verður hjá sveitarstjóra Skaftárhrepps skulu vera löglegir gagnvart virðisaukaskatti og samþykktir af formanni fjallskilanevndar, eða gangnaforingja í umboði hans. Fjallskilakostnaði er jafnað niður í hlutfalli við tölu fjallskilaskilds búpenings 60% og 40% á lögbýli : **Ef menn geta ekki mætt til smölunar eins og þeim er ætlað samkv. meðfylgjandi skrá, eru þeir vinsamlegast beðnir um að láta gangnaforingja vita um það strax.**
5. Athygli skal vakin á að samkvæmt 24. gr. Fjallskilasamþykktar er hver eigandi eða umráðamaður lands skyldur til að smala heimaland sitt eigi síðar en 20.október ár hvert. Jarðar- og fjáreigendur austan Hverfisfljóts senda ekki menn í afréttarsöfn en skulu smala sín heimalönd í samræmi við áðurnefnda grein Fjallskilasamþykktar.

Þá eru menn minntir á að fara vel útbúnir á afréttinn með vel merktan farangur.

Fara skal vel með fé í smölun og rekstri.

Sameiginlegt mótuneyti verður í fyrsta og öðru safni.

Klausturvegi 4. Rúnar Guðnason, Björn Helgi Snorrason, Marvin Einarsson.

Austur-síðuafréttur Fjallskil haustið 2023

Heimilisfang	1.safn	2.safn	Fjöldi daga í smölun	Álagning:33.998 kr/býli+ 507kr/kind	Greiðslur fyrir unnin söfn 18.888kr/dag	Mismunur +kr=Inneigni -kr=Skuld
Mörtunga 1	1.0		3	33,998	56,664	22,666
Mörtunga 2	1.0		3	33,998	56,664	22,666
Prestsbakki	2.0	2.0	12	215,579	226,656	11,077
Keldunúpur	2.0	2.0	12	158,265	226,656	68,391
Hörgsdalur	3.0	3.0	18	340,338	339,984	-354
Hörgsland 2	3.0	2.0	15	289,632	283,320	-6,312
Múlakot				33,998	0	-33,998
Foss 2	2.0	2.0	12	244,490	226,656	-17,834
Foss 3		1.0	3	43,635	56,664	13,029
Breiðabólsstaður			0	33,998	0	-33,998
Hörgslandskot				33,998	0	-33,998
Hörgslandskot (RJ)				33,998	0	-33,998
Hamrafoss				33,998	0	-33,998
Fagrifoss				33,998	0	-33,998
Foss 1				33,998	0	-33,998
Þverá				33,998	0	-33,998
Teygingalækur				33,998	0	-33,998
Slétta				33,998	0	-33,998
Hruni				33,998	0	-33,998
Orustustaðir				33,998	0	-33,998
Hraunból				33,998	0	-33,998
Sléttaból				33,998	0	-33,998
Prestsbakkakot			1	33,998	33,998	0
Hörgsland 1				33,998	0	-33,998
Keyptir smalar	4.0	3.0		0	396,648	396,648
Samtals	18	15		1,903,910	1,903,910	0